

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 4. maí 1990.

1. Kári setur fundinn, forföll boðar Guðm. Jónsson. Mættur til fundar er Valdimar Jóhannesson til þess að kynna skógræktarátak og hugsanlegt framlag hestamanna til þessa átaks.

Kári lýsti hug L.H. og hestamanna til þessarar mála og hvað gert hefur verið í gróðurverndarmálum.

Valdimar talaði um að búið væri að skipuleggja plöntun trjáa nú í ár. En hestamannafélögin gætu tekið sig á hvert á sínu svæði, hreinsað til og snyrt og jafnvel leitað eftir samvinnu við skógræktarfélög á hverju svæði.

Kári lagði fram upplýsingabækling L.H. um gististaði, beitarhólf o.fl. á Kjalvegi og Kaldadalsleið. Greint var frá hinum ýmsu áformum um gróðursetningu og uppgræðslu.

Haldinn verður blaðamannafundur 8. maí til þess að kynna skipulag og þjónustu fyrir þá sem ætla á Landsmót. Þar verður bæklingur L.H. kynntur. Að fundinum standa L.H., Landgræðsla ríkisins, Náttúruverndarráð og stærsta hestaleiga landsins, Íshestar.

Kári kynnti starf beitarmálanefndar. Og nokkur umræða varð um beitarmál.

Funi og Léttir óska eftir inngöngu í L.H. Stjórnin fagnar inngöngu Funa, Léttis og Hrings og bíður þessi félög velkomin til samstarfs.

2. Reiðhöllin: Á annað þúsund nemendur hafa sótt námskeið Reiðhallarinnar í vetur. Auk þess hafa verið haldnar nokkrar sýningar. Fyrstu two mánuðina í rekstri var hagnaður um 700.000.- Nefnd sem fjallar um framtíð Reiðhallarinnar hefur haldið two fundi. Hugmynd er uppi um 4 eignaraðila þ.e. Landssamband hestamanna, hagsmunafélag Hrossabænda, Hestaíþróttasamband Íslands og Reiðskólinn s.f.

Gert er ráð fyrir starfsemi yfir sumartímann, starfsemi með hesta. Reynt verður að færa námskeið fyrir skólana fram á haustið. Einnig eru hugmyndir um að hestamenn færi starfsemi sína upp í Reiðhöll og leigi húsnæði af henni.

Hagnaður af rekstri verði notaður til lokafrágangs á húsinu. Hagsmunafélag Hrossabænda hefur lagt til hross í vetur og hafa selst 25-30 hross í vetur.

Gert er ráð fyrir að eignaraðilar (væntanlegir) verði styrktir þ.e. L.H. verði styrkt af Lanbúnaðarráðuneyti. Reiðskólinn verði styrktur af Menntamálaráðuneyti. Félag Hrossabænda " " Framleiðnisjóði. HÍS " " Reykjavíkurborg, e.t.v. fleirum.

3. Ólafur Schram mætti til fundar til þess að kynna sín verk um gerð reiðvegakorta. Ólafur sagði verkið hafa borgað kostnað annan en vinnu. Selst hefðu mun færri eintök en hann reiknaði með. Hann er að vinna að korti um mið-norðurland og um mið-suðurland, hann vill reyna að vanda verkið. Því miðar hægt og bítandi. Ólafur átelur stjórn L.H. fyrir að leita ekki samstarfs við útgáfu upplýsinga um gististaði og beitarhólf. Einnig fannst Ólafi hans mál hafa hlutið ónóga umfjöllun á þingi L.H. Ákveðið var að breyta upplýsingabæklingi til samræmis við reiðvegakort Ólafs Schram.

Fréttir af undirbúningi Landsmóts. Skúli greindi frá stöðu mála. Inn á mótið kostar 4.500 kr. og 2.500 kr. eftir dagskrá á laugardag. Hagganga fyrir hross er 100 kr. á dag. Flestar framkvæmdir eru á undan áætlun og mikill kraftur í öllum framkvæmdum. Jón Steingrímsson er ritstjóri sýningaskrár. Kári ræddi um að heiðra Gunnar Bjarnason og Skúli minntist á Höskuld á Hofsstöðum. Það væri verðugt að sýna honum sóma. Ákvörðun tekin á næsta fundi.

Umsóknir um breytingar á félagsbúningum. Margir sækja í sama lit, erfitt er að standa gegn þessu og rætt var um að nota félagsmerki til aðgreiningar. Samþykktar voru þær tillögur umsækjenda sem fram komu með því skilyrði að félagsmerki væri haft á búningunum.

Umferðaráð og lögreglan minna á slysaþættu og rit sem þeir eru að fara að gefa út.

Norræna félagið stendur fyrir umhverfisári. Norræna félagið óskar eftir samstarfsfulltrúa frá L.H. Sigbjörn Björnsson sækir fundinn fyrir hönd L.H.

Danir sendu bréf þar sem þeir segja frá kynbótasýningu sem þeir halda 2.-6. ágúst 1990. Danir bjóða öllum Norrænu félögunum til þessa móts með 6 kynbótahross. Umleitun samþykkt.

Ingibjörg Magnúsdóttir segir starfi sínu lausu hjá L.H. Kári og Gunnar ath. með starfslið og ráðningu.

Kynntur var samningur um kvíkmyndun á Landsmóti og var hann samþykktur.

Hestamyndir s.f. sendu inn umsókn um styrk til gerðar fræðslumyndar um járningar kr. 15.000.-

Gunnar skýrði frá störfum nefndar þeirrar er úthlutar reiðvegafé. Störfum nefndar er ekki lokið. Óvenju mörg félög hafa sótt um að þessu sinni eða alls um 20 milljónir, en til úthlutunar eru 4 milljónir. Nefndin hefur hug á að sækja um auka fjárveitingu.

Nefndinni falið í samráði við formann að ganga frá úthlutun.

Tvö félög Sleipnir og Stígandi hafa sótt um styrk til áningaráhólfa. Samþ. 50. þúsund til hvors félags.

Skúli sagði frá störfum kynbótanefndar. Skalinn er nú teygður meira en áður var og kvaðst Skúli því fagna, enda sagði Skúli vinnubrögð hafa batnað. Stóðhestar eru að stórbatna sagði Skúli.

Kári skýrði frá aðalfundi FEIF á Hólum 9. júlí og mun Kári verða fulltrúi L.H. á þeim fundi.

Skúli lagði til að ræktunarstarfinu yrði helgaður einn fundur.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundí slitið.

Sigurður Hallmarsson

Kári Arnórsson
Jón Bergsson
Gunnar B. Gunnarsson
Sigbjörn Björnsson.

Skúli Ögm. Kristjónsson